



Davíð Stefánsson
Sjóðstjóri

Sýn sjóðstjóra

Mánuðurinn sem leið einkenndist af töluverðum sveiflum bæði á erlendum mörkuðum (sem lækkuðu í mánuðinum sem leið) og einnig á gengi krónunnar. Í kjölfar inngripa Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði hafa gjald-eyrisvarnir sjóðsins verið auknar umtalsvert og erlendar eignir því að hluta til varðar fyrir sveiflur í gengi krónunnar.

Gengi sjóðsins lækkaði í mánuðinum sem leið sem má rekja til bæði sveiflna í gengi krónunnar og lækkana á erlendum hlutabréfum. Eignasafn stakra hlutabréfa sjóðsins stóð nokkurn veginn í stað í mánuðinum á meðan verðbreyting vísitölusjóða var nokkuð neikvæð.

Hlutabréf tæknifyrirtækja leiddu lækkanir í mánuðinum sem leið. Líklegt er að sveiflur verði áfram allnokkrar á mörkuðum og nokkuð óljóst hvaða hlutar hlutabréfamarkaðarins mun leiða næstu misseri. Ólíkir hlutir togast hér á: (a) Joe Biden er líklegur til að ná kjöri sem næsti forseti BNA en hann talar fyrir skattahækkunum og auknum ríkisútgjöldum og (b) möguleiki er á að bóluefni gegn COVID-19 komi fram á sjónarsviðið á næstu mánuðum en á móti geysar nú síðari COVID-19 faraldur.

Skipta má safni Atlas niður í tvö hólf: (a) fjárfestingar í stökum félögum þar sem áætlaður fjárfestingartími er mældur í mánuðum eða ársfjórðungum og svo (b) tækifærisdrifnar fjárfestingar þvert á alla eignaflokka með 0-3 mánaða tímaramma.

Fyrri hluti safnsins er samansettur af stöðum í ólíkum félögum með mismunandi drifkrafta en hinn helmingur safnsins birtist í (a) hlutabréfaeign í ákveðnum atvinnugreinum og löndum, (b) skortstöðum í ákveðnum eignaflokkum (löngum bandarískum ríkisbréfum), og (c) stöðum í sérvöldum áhættumeiri skuldabréfum. Skortstaða í löngum (+20 ára) bandarískum ríkisbréfum hefur undanfarið verið áhugavert tækifæri með hlidsjón af mögulegri ávöxtun og áhættu

Við búumst við að sveiflur á mörkuðum verði áfram yfir sögulegum meðaltölum og teljum jafnframt að þær munu skapa tækifæri fyrir virka stýringu. Við teljum því töluverð tækifæri fyrir tækifærisdrifnar fjárfestingar á næstunni.

Helstu upplýsingar

Rekstrarform	Fjárfestingasjóður
Stofnár	2020
Rekstraraðili	Akta sjóðir hf.
Stærð sjóðs	245 m.kr.
Áhættuflokkun	6 af 7
Sjóðsjórar	Davíð Stefánsson
Gjaldmiðill	ISK
Lágmarkskaup	10.000 kr.
Sölutímabil	9:00 - 12:00
Gengisuppreikningur	Daglega
Uppgjör	T+2
Skráning	Rafrænt hjá VS
Auðkenni	AKTAATLAS
ISIN	IS0000031946

Þóknarir og gjöld

Innlausnargjald	0 kr.
Afgreiðslugjald	0 kr.
Umsýsluþóknun	1,25%
Gengismunur	1,0%
Viðmið	Depo + 2%*
*Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana hjá Sí + 1% álag	
Árangurstengd þóknun	15%


Ávöxtun eftir mánuðum*

	Jan.	Feb.	Mar.	Apr.	Mai	Jún.	Júl.	Ágú.	Sep.	Okt.	Nóv.	Des.	YTD
2020									-6,8%				-6,8%

Stærstu útgefendur (% af heildareignum)

Útgefandi	Samtals	Hlutabréf þ.a.
ProShares UltraShort 20+Year Treasury Bond ETF	12,1%	0,0%
SPDR S&P500 Homebuilders ETF	8,5%	8,5%
Facebook	8,1%	8,1%
Alibaba Group	6,9%	6,9%
Joyy	6,4%	6,4%
Kvika banki	6,2%	6,2%
Roku	5,3%	5,3%
Sea	5,2%	5,2%
VanEck Vectors Gold Miners ETF	4,7%	4,7%
Youdao	4,7%	4,7%

Eignayfirlit (% af NAV)




Ofangreint yfirlit miðast við brúttó undirliggjandi áhættu eigna og afleiðna.

(1) Ríkisskuldabréf í heimaþyngt (Íönriki og Ísland), íslensk sértryggð skuldabréf, íslensk og erlend (íönriki)



Davíð Stefánsson
Sjóðstjóri

Uppsöfnuð ávöxtun frá stofnun*



Ávöxtun frá stofnun: -6,8%

Söguleg árleg ávöxtun: -

Staðalfrávik ávöxtunar: -

Hámarkslækkun (e. max drawdown): -9,9%

Fjárfestingaheimildir	Vægi	Erlent
Ríkistryggð skuldabréf og vixlar	0-100%	0-100%
Skráð skuldabréf og vixlar	0-100%	0-100%
Skráð hlutabréf	0-100%	0-100%
Hlutd.skirteini verðbréfasjóða	0-100%	0-100%
Hlutd.skirteini AIF sjóða	0-100%	0-100%
- þar af fjárfestingasjóðir	0-100%	0-100%
- þar af fagfjárfestingasjóðir	0-20%	0-20%
Óskráð hlutabréf	0-20%	0-20%
Óskráð skuldabréf og vixlar	0-30%	0-30%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-50%	0-50%
Peningamarkaðsgerningar	0-100%	0-100%
Skorsala skráðra verðbréfa	0-20%	0-20%
Aflæiður	0-80%	0-80%

*Söguleg ávöxtun er hvorki áreiðanleg vísbinding um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Fjárfestum er ráðlagt að leita sérfræðiráðgjafar og kynna sér vel þá fjárfestingarkosti sem í boði eru. Jafnframt eru fjárfestar hvattir til að kynna sér reglur og útbodslýsingar sjóða. Skattlagning hlutdeildarskírteina fellur undir lög um tekjuskatt nr. 90/2003 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðum eru hvattir til að kynna sér skattalega stöðu sína og leita ráðgjafar sérfræðinga s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda.

Um sjóðinn

Akta Atlas er fjárfestingasjóður sem hefur það að markmiði að nýta þau tækifæri á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum sem á hverjum tíma eru talin skila bestri ávöxtun með tilliti til áhættu.

Fjárfestingarheimildir - Sjóðurinn hefur m.a. heimildir til að fjárfesta í innlendum og erlendum hlutabréfum, skuldabréfum og sjóðum.

Virk stýring - Mikil áhersla er lögð á hreyfanleika þar sem brugðist er skjótt við breyttum aðstæðum. Sjóðstjórn myndar sér skoðun eftir ítarlega greiningarvinnu og leggja mat á væntingar og markaðs-aðstæður. Beitt er virkri stýringu með það að markmiði að skila fjárfestum betri ávöxtun en vextir á viðskiptareikningum innlánastofnana hjá Seðlabanka Íslands (depo) auk 1% álags. Sjóðurinn hentar vel fjárfestum sem vilja ávaxta fé sitt á fjármálamörkuðum til lengri tíma með virkri stýringu. Gengi sjóðsins getur sveiflast töluvert.

Fyrirvari

Fjárhagsleg áhætta fylgir fjárfestingum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingasjóði. Vakin er sérsök athygli á að fjárfesting í hlutdeildarskírteinum sjóða er áhættusöm og getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Helstu áhættuþættir eru eftirfarandi:

Markaðsáhætta: Hættan á tapi sjóðs vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni sjóðsins sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, hlutabréfa- og hrávöruverði eða lánshæfi útgefanda.

Lausafjárahætta: Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásætlanlegs tímaramma.

Rekstraráhætta: Hættan á tapi sjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrarfélagsins, eða vegna ytri atburða þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

Verðbólguáhætta: Hættan á að verðbólga lækki raunvirði eigna sjóðsins.

Mótaðilaáhætta og áhætta tengd innlánnum fjármálafyrirtækja: Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað. Þá er bent á að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingaverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Stjórn málaáhætta: Hættan á tapi sjóðsins vegna lagabreytinga, stjórnvaldsákvæðana og stjórn málalegs óstöðugleika.